




AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

Skálasvæði við Tjaldafell – breyting aðalskipulags

Greinargerð og skipulagsuppdráttur

09.01.2026



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 11.12.2025 með athugasemdafresti til: 02.01.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

113702-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

ÁJ, BRE

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Náttúrufar	6
2.2	Vernd	6
2.3	Ofanflóð og yfirborðsvatn	7
2.4	Fornminjar	7
2.5	Þjóðlenda	7
2.6	Landsskipulagsstefna 2024-2036	8
2.7	Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042	8
2.8	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	10
2.9	Deiliskipulag	11
2.10	Vatnaáætlun 2022-2027	12
2.11	Landslag á Íslandi	12
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	12
3.1	Breytingar á uppdrætti	12
3.2	Breytingar á greinargerð	13
3.2.1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	13
3.2.2	Vatnsból og vatnsverndarsvæði	14
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	14
4.1	Valkostir	15
4.2	Umhverfisáhrif	17
4.3	Niðurstaða	19
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	20

1 INNGANGUR

Grímsnes- og Grafningshreppur gerir breytingu á skilmálum aðalskipulags fyrir skálasvæðið Tjaldafell, AF51, norðaustan Skjaldbreiðar. Sveitarfélagið vill fjölga lóðum, auka byggingarmagn og heimila fleiri gesti í gistingu. Samhliða verður unnið nýtt deiliskipulag, en í gildi er deiliskipulag frá árinu 2000.

Í breyttu aðalskipulagi er afþreyingar- og ferðamannasvæði stækkað úr 5 ha í 14,7 ha, lóðum fjölgað úr 10 í 13 og settir skilmálar fyrir svæðið, s.s. byggingarheimildir á hverri lóð og fjöldi gesta. Að hluta til snýst breytingin um að leiðrétta stefnu gildandi aðalskipulags sem heimilar minni byggingar en gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir gistingu í skálum/húsum en ekki er um skilgreinda þjónustumiðstöð að ræða og því ekki þörf á matstilkynningu í samræmi sbr. lög nr. 111/2021. Lið 12.03 í viðauka.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og aðalskipulagsupprætti.




MYND 1. Sjó af núverandi skálum sunnan undir Tjaldafelli. Ekki sér í skála austan fellsins.

2 FORSENDUR

Tjaldafell er fell norðaustur af Skjaldbreið, gróðurfar fremur rýrt, hraun nokkuð áberandi og svæðið þurrt. Með tilkomu línuvegjar (Skjaldbreiðarvegjar), sem lagður var samhliða Sultartangalínunum 1 og 3 norðan Skjaldbreiðar, þá varð aðgengi að svæðinu greiðara. Byrjað var að byggja skála við Tjaldafell nokkuð fyrir aldamót og síðar hafa byggst hús á leigulóðum, enda liggur svæðið nokkuð vel við samgöngum og er kjörið til útiveru árið um kring. Svæðið er skilgreint sem skálasvæði í landskipulagsstefnu og er kennt við samnefnt fell. Skálasvæðið er innan þjóðlendu (L224194). Aðkoma er af Skjaldbreiðarvegi og er vegurinn skilgreindur sem tengivegur á hálendi (F338). Sultartangalínur 1 og 3 eru um 260 m sunnan skálanna. Byggðir hafa verið 8 skálar, 7 þeirra eru sunnan við Tjaldafell og einn skáli austan þess, um 1 km frá hinum skálunum (mynd 2). Skálar eru lágreistir, á einni hæð með risi, og ýmist með klæðningu úr timbri eða járn. Skálar eru einkum nýttir í tengslum við vetrarferðir á snjó. Ekkert vatn er á svæðinu og er regnvatni safnað af húspökum og neysluvatn flutt úr byggð.

Skv. upplýsingum á vefsíðu Vegagerðarinnar þá var meðalumferð um Skjaldbreiðarveg yfir sumar-tímann (SDU) 8 bílar á dag. Skálar við Tjaldafell hafa einkum verið nýttir að vetrarlagi og á góðviðris-dögum er oft mikil umferð jeppa og snjósleða. Sú umferð er aðeins að hluta til tengd skálasvæðinu.



MYND 2. Skálar við Tjaldafell eru innan rauðu hringjanna. Loftmynd Efla.

Allt frá því Svæðisskipulag miðhálandisins 2015 var staðfest árið 1999 hefur verið reiknað með skálasvæði við Tjaldafell. Veitt var heimild til uppbyggingar húsa á svæðinu á seinni hluta síðustu aldar. Lóðir hafa byggst upp í samræmi við skipulag svæðisins og nú eru 8 hús byggð, þar af sjö innan gildandi deiliskipulagssvæðis. Lóðir hafa ekki verið stofnaðar.

Sveitarfélagið vill mæta auknum kröfum um aðstöðu í fjallaskálum hvað varðar aðbúnað og þjónustu og til að hægt sé að efla þjónustustarfsemi í tengslum við útivist í nágrenninu. Þá eru í gildi reglur varðandi leiguland í þjóðlendu og aukið jafnræði lóðarhafa og þeirra sem veita vilja þjónustu innan þjóðlendna. Kemur þetta fram í stefnu gildandi aðalskipulags og í gildandi deiliskipulagi, sem heimilar byggingu fleiri mannvirkja og lóða í Tjaldafelli.

Hraun þekur stóran hluta afréttarins og mannvirki við Tjaldafell eru á hrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Svæðið er á náttúruminjaskrá, innan friðlýsts vatnasviðs Þingvallavatns og undir hverfisvernd (HV27). Þar sem svæðið á sér nokkuð langa sögu sem skálasvæði þá er vilji fyrir áframhaldandi uppbyggingu þar, m.a. til að vera með mannvirki á færri svæðum og meiri þjónustu á hverju svæði fremur en að skálar dreifist víða um hálendið.

Leitast er við að minnka neikvæð áhrif með því að setja skilmála um yfirbragð mannvirkja og að forðast skuli að raska landi við mannvirkjagerð. Einnig að sé verið með olíu á svæðinu þá sé þörf á lekaheldu undirlagi til að koma í veg fyrir mengun.

2.1 Náttúrufar

Gróðurfar er fremur rýrt og hraun áberandi á yfirborði.

Skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar þá er í sjálfu Tjaldafelli að finna ljónslappaskriðuvist sem hefur lágt verndargildi. Aðrar vistgerðir með lágt verndargildi eru; sanda- og vikravist, mosamelavist og eyðimelavist. Mosahraunavist hefur miðlungs verndargildi. Lyngmóavist á hálendi finnst í litlu mæli en hún hefur hátt verndargildi. Útbreiddustu vistgerðir eru mosamelavist og mosahraunavist.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra þá er Sköflungshálshraun sunnan og austan Tjaldafells. Er það ættað frá eldstöðinni Skjaldbreið og er talið um 5300 ára gamalt. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.

2.2 Vernd

Skálasvæði við Tjaldafell er innan svæðis á náttúruminjaskrá, [Skjaldbreið nr. 240](#). Að sunnan frá 532 m hæðarpunkti í Lágafelli eftir beinni línu dreginni í 1.005 m hæðarpunkt á Skriðu. Þaðan í 671 m hæðarpunkt á Skaga og í Hlöðufell (1.188 m hæðarpunkt), þá í 670 m hæðarpunkt suður af Langafelli, í Litla-Björnsfell (914 m hæðarpunkt), þá í sýslumörk og suður eftir hreppamörkum Þingvalla- og Laugardalshrepps. Skjaldbreiður er eldfjall, og er fagurformuð hraundyngja, 1.060 m h.y.s.

Tjaldafell er innan friðlýsts vatnasviðs Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það. Ráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu o.fl.

Í 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins. Þar sem skálasvæðið er í um 260 m fjarlægð frá Sultartangalínunum 1 og 3 þá er ekki talið að það skerði víðerni, umfram það sem er í dag.



MYND 3. Horft til Skjaldbreiðar. Núverandi skálar hægra megin á myndinni, háspennulínur vinstra megin.

2.3 Ofanflóð og yfirborðsvatn

Staðsetning fyrir nýja skála var skoðuð m.t.t. hættu á ofanflóðum og þess hvar yfirborðsvatn er líklegt til að safnast fyrir.

Austan við Tjaldafell er land 5-7 m lægra en landið aðeins fjær fellinu. Þarna er mögulegt að yfirborðsvatn safnist fyrir og því ekki heppilegt byggingarsvæði.

Einhver hætta er á ofanflóðum; snjóflóðum og grjóthruni, úr austanverðu Tjaldafelli. Á mynd 2 sést grjóthrun úr fellinu. Við afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðisins var dregin lína á yfirborði sem svarar því að minna en 15° sjónarhorn er frá mannvirki að fjallsbrún. Þá er byggingarreitur það fjarri fjallshlíð að mjög ólíklegt er að jafnvel öflug snjóflóð nái að honum.

2.4 Fornminjar

Aðalskráningu í Grímsnes- og Grafningshreppi er lokið fyrir umrætt svæði. Ekki er að finna þekktar minjar skv. minjavefsjá Minjastofnunar.

2.5 Þjóðlenda

Skipulagssvæðið er innan þjóðlendu (L224194). Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu til einkanota, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf

leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlenda. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, veiðirétt eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búrfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

2.6 Landsskipulagsstefna 2024-2036

Í landsskipulagsstefnu er Tjaldafell skilgreint sem skálasvæði. Einkum er horft til eftirfarandi texta í landsskipulagsstefnu:

Í skipulagi verði uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi þess. Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi. Á skálasvæðum er gert ráð fyrir ferðaþjónustu a.m.k. yfir sumartímann og jafnvel einnig að vetri.

Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að við uppbyggingu mannvirkja og þjónustu verði tekið tillit til þolmarka náttúru, innviða, ferðamanna og samfélags, og aðgengi ákvarðað í samræmi við þau. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálendinu verði jafnframt viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggi að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

Í skipulagi verði sérkennum miðhálandisins og sérstæðri náttúru þess viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálendisins og landslagsheilda. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins.

Í skipulagi miðhálandisins verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af kennileitum, sjónlínunum og útsýni. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

2.7 Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042

Í [svæðisskipulaginu](#) er Tjaldafell skilgreint sem skálasvæði. Skálasvæði eru í góðu vegasambandi, gisting er í gistiskálum. Gert er ráð fyrir ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á starfsemi yfir

vetrartímann. Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits.

Breytt aðalskipulag er unnið í samræmi við stefnu svæðisskipulags.

Stefna um ferðaþjónustu

- Verndun náttúru og menningarsögulegra minja er í forgrunni þegar kemur að ferðaþjónustu þar sem hugað er að skýru og tryggu aðgengi að helstu náttúruperlum. Sérstaða hálendisins er óbyggðaupplifun og hana þarf að varðveita um leið og gestum er boðið að njóta hennar.
- Við alla uppbyggingu ferðaþjónustu skal hugað að þörfum og væntingum íbúa og gesta. Með uppbyggingu fjölbreyttra ferðaleiða með skipulögðum þjónustustöðum og áningarstöðum er unnið að skýru og tryggu aðgengi að náttúru og menningu svæðisins. Við uppbyggingu ferðaleiða og þjónustustaða skal tekið tillit til sérstöðu hálendisins sem áfangastaðar í óbyggðum.
- Uppbygging ferðaleiða, þjónustustaða ferðamanna og áningarstaða skal haldast í hendur.

Stefna um þjónustustaði ferðamanna

- Öll uppbygging og allar framkvæmdir skulu taka mið af náttúrunni á hverjum stað; náttúruvá, lífríki, jarðmyndunum, minjum og landslagi.
- Mannvirki falli sem best að umhverfi og ekki skal raska stærra svæði en nauðsynlegt er. Byggingar skulu vera lágreistar og falla vel að landi. Leitast skal við að skapa heildaryfirbragð og að einstaka byggingar beri ekki umhverfi sitt ofurliði, eða skeri sig svo úr umhverfi sínu að áhrif þeirra á umhverfið séu neikvæð.
- Á öllu landi sem raskast skal endurheimta gróður, eins og hægt er. Horfa skal til þess að þar sem gróðri er raskað verði staðargróður og efsta svarðlag varðveitt og nýtt til uppgræðslu við frágang svæða.
- Allir þjónustustaðir skulu hafa viðeigandi innviði, miðað við flokkun þeirra og staðsetningu, þar á meðal gott fjarskiptasamband.
- Öflun vatns, rafmagns og skipulag fráveitu skal miða að því að áhrif á náttúruna sé lágmarkað.

Stefna um mannvirkjasvæði M2 og verndarheildir V2

Skálasvæði við Tjaldafell er í jaðri þess að vera innan verndarheildar V2 og mannvirkjasvæðis M2. Mannvirkjasvæði M2 er afmarkað utan um helgunarsvæði Sultartangalína 1 og 3. Á mannvirkjasvæðum er heimilt að viðhalda núverandi mannvirkjum, byggja upp þjónustustaði ferðamanna, þ.m.t. hálendis-miðstöðvar og skálasvæði.

Verndarheildir V2 eru svæði með hátt verndargildi. Innan þessa flokks er að finna vistgerðir með hátt verndargildi, hluta kyrrlátra svæða og friðlýst svæði.

Vegir

Í svæðisskipulaginu er Skjaldbreiðarvegur (nr. F338) skilgreindur sem tengivegur um hálendi.

2.8 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Afþreyingar- og ferðamannasvæði, kafli 8.2.1

Í aðalskipulagi er Tjaldafell skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Eftirfarandi er stefna fyrir slík svæði:

- Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta kröfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.
- Afmarkaðar verða lóðir fyrir skála á afréttinum og skal stærð þeirra taka mið af umfangi starfseminnar. Lóðum er eingöngu úthlutað til aðila sem stunda þjónustu og eftirlit.
- Við skála á afréttinum er heimilt að vera með allt að 10 kV vindrafstöð, eða sólarcellur á eða við hús, til að sjá staðnum fyrir raforku.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera lágreist, látlaus og nota skal byggingar efni sem þarfnast lítils viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi.

Umhverfi og yfirbragð byggðar, kafli 8.1

Eftirfarandi stefna um umhverfi og yfirbragð byggðar gildir fyrir alla landnotkun á afrétti.

- Unnið verður að uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistarmöguleika.
- Uppbygging, endurbætur og viðhald vega og bygging mannvirkja taki mið af umhverfinu og falli sem best að landi.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi milli bygginga á hverjum stað, þar sem það á við. Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Leitast verður við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. Sérstaklega skal hugað að þeim þáttum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp.

Hverfisverndarsvæði, kafli 8.4.1

Allt land afréttarins er undir hverfisvernd, þar með talið skálasvæði við Tjaldafell. Um það gildir eftirfarandi stefna:

- Forðast skal að raska vistgerðum með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins litillar röskunar og kostur er. Þurfi að reisa mannvirki, s.s. fjallaskála, gangnamannaskála, neyðarskýli, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum um slíkar byggingar í aðalskipulagi og í samræmi við deiliskipulag.
- Uppbygging tryggi viðhald náttúrulegs yfirbragðs svæða.

- Víðerni á afréttinum eru sett undir hverfisvernd. Leitast skal við að vernda þau og viðhalda lítt snortnu yfirbragði þeirra.

TAFLA 1. Stefna aðalskipulags fyrir hverfisvernd á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV27	Stóra-Björnsfell og hálendið í nágrenni Skjaldbreiðar	Nær ósnortið svæði í námunda við Skjaldbreið sem er hluti óbyggðra víðerna hálendisins. Merkar menningarminjar og saga er í Þórisdal. Svæðið nýtur einnig vatnsverndar skv. reglugerð 796/1999. Hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar verða áfram heimilar. Hluti svæðis er á náttúruminjaskrá (740).

2.9 Deiliskipulag

Gildandi deiliskipulag fyrir [Fjallaskála við Tjaldafell](#) er dagsett í október 1999, og því komið nokkuð til ára sinna. Í deiliskipulaginu eru afmarkaðar 10 lóðir sunnan við Tjaldafell með aðkomu af Skjaldbreiðarvegi. Níu lóðir eru ætlaðar fyrir skála og ein lóð fyrir hesthús eða snjósleðageymslu. Heimilt er að byggja allt að 100 m² skála á hverri lóð ásamt allt að 15 m² geymslu, svefnhúsi eða gróðurhúsi. Ekki er fjallað um fjölda gesta í gistingu í skálum eða á svæðinu öllu.



MYND 4. Gildandi deiliskipulag afmarkað (gróflega) á loftmynd. (Mynd frá Eflu).

Unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir skála við Tjaldafell eða eldra svæði breytt. Skipulag verður í samræmi við aðalskipulagsbreytingu þessa. Í nýju deiliskipulagi verður gert ráð fyrir fjölgun lóða, austan aðkomuvegar. Öll mannvirki verða innan lóða, byggingarheimildir verða skilgreindar ásamt því að settir verða skilmálar um yfirbragð mannvirkja og vandaðan frágang á landi umhverfis hús og vegi. Öll núverandi hús verða innan skipulagssvæðis, þ.m.t. Himnaríki, sem stendur um 1 km. frá öðrum skálum. Sett verða ákvæði um fjölda gesta í gistingu. Hugað verður sérstaklega að öruggri fráveitu og annarri mögulegri hættu á mengun út frá viðveru og umferð um svæðið.

2.10 Vatnaáætlun 2022-2027

Markmið laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, er að vernda allt vatn og vistkerfi þess og stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við skipulagsgerð þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér.

Á skipulagssvæðinu er að finna vatnshlotið Skjaldbreið 104-250-2-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt.

Ekki er talið að stefna í breyttu aðalskipulagi hafi áhrif á ástand vatnshlots.

2.11 Landslag á Íslandi

Í [flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu](#) voru skilgreindar 27 landslagsgerðir undir 7 yfirflokkum landslags. Hver landslagsgerð var skilgreind út frá meginþáttum landslags og var þá einkum horft til landforma, hæðar lands yfir sjó, landnýtingar og sjónrænna eiginleika. Land við Tjaldafell er innan virkra/ungra eldfjallasvæða. Þetta er land innan virka eldstöðvabeltisins þar sem eldgos og háhiti hafa mótað landform og yfirborð. Einkennandi eru hraun, gígar og aðrar jarðmyndanir. Gróðurþekja er mismunandi en hálendari svæði eru gróðursnauðari. Víða mikið rof og hraun sandorpin.

Tjaldafell er innan landslagsgerðarinnar Skjaldbreið (4.2.11). Um er að ræða hálendissvæði í 300 -1000 m hæð. Hraunbreiða Skjaldbreiðar þekur yfirborð sem er fremur flatt. Hluti hrauna eru vaxin mosa og lyngi en hluti þeirra er ógróinn og sandorpin. Á ógrónum svæðum er mikið rof. Á svæðinu eru nokkrir fjallaskálar, vegslóðar og háspennulínur.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á skipulagsuppdrætti og greinargerð. Stefna gildandi aðalskipulags heimilar minni mannvirki en gert er í gildandi deiliskipulagi, svo að hluta til snýst breytingin um að leiðrétta það ósamræmi.

3.1 Breytingar á uppdrætti

Afþreyingar- og ferðamannasvæðið AF51 stækkar allnokkuð, það verður yfir 5 ha og er því afmarkað sem fláki í stað punkts. Óbyggt svæði ÓB1 minnkar samsvarandi.

3.2 Breytingar á greinargerð

3.2.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Lóðum er fjölgað úr 10 í 13 og heimilt að vera með gistingu fyrir allt að 265 gesti. Byggingarheimildir eru rýmkaðar og sett nýtingarhlutfall og hámarks byggingarmagn á lóðir. Settir eru skilmálar um yfirbragð svæðisins.

TAFLA 2. Stefna gildandi aðalskipulags fyrir skálasvæðið Tjaldafell.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING OG SKILMÁLAR
AF51	Tjaldafell	5 ha	Svæðið er skammt norðan Skjaldbreiðar. Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 skálum, 8 skálar eru byggðir. Hús geta verið á 1-2 hæðum, stærð allt að 50 m ² og gístiaðstaða fyrir 5-10 manns í hverju húsi. Svæðið er í góðum tengslum við Skjaldbreiðarveg. Svæðið er skálasvæði skv. landsskipulagsstefnu.

TAFLA 3. Stefna í breyttu aðalskipulagi fyrir skálasvæðið Tjaldafell.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING OG SKILMÁLAR
AF51	Tjaldafell	14,7 ha	Svæðið er skammt norðan Skjaldbreiðar. Heimilt er að vera með allt að 13 lóðir. Innan hvernar lóðar má byggja aðalhús og geymslu/gestahús. Mænishæð húsa má vera allt að 6,0 m. og nýtingarhlutfall lóða allt að 0,03. Heimilt er að vera með starfsemi allt árið. Stærð lóða á bilinu 5000-7500 m². Gisting fyrir allt að 15 gesti á hverri lóð. Stærð lóða á bilinu 7000-10.000 m². Gisting fyrir allt að 50 gesti á lóð. Heildarfjöldi gesta í gistingu allt að 265. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal vandað byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Leitast skal við að gæta samræmis í útliti og litavali allra bygginga á svæðinu. Forðast skal að raska landi við mannvirkjagerð og að loknum framkvæmdum skal aðlaga svæði að aðliggjandi landi. Salerni skal vera í hverju húsi og öll fráveita tengd við rotþró/hreinsivirki með gott aðgengi til tæmingar. Útfærsla og frágangur á fráveitu skal vera skv. reglugerðum og taka tillit til þess að svæðið er innan friðlýsts vatnasviðs Þingvallavatns. Fráveita skal nánar útfærð í deiliskipulagi. Ef verið er með olíu á svæðinu skal vera með lekahelt undirlag þar sem hún er geymd og meðhöndluð til að ekki berist mengun í jarðveg/grunnvatn. Óheimilt er að girða svæðið af eða einstaka lóðir. Heimilt er að vera áningarhólf/-aðhald fyrir skepnur innan lóðar og girða það af með timburgerði eða öðru efni sem er vel sýnilegt af snjósleða/gönguskíðum. Heimilt er að vera með allt að 10 kV vindrafstöð, sólarcellur eða annað til að framleiða umhverfisvæna raforku. Lóðarhavar skulu eftir því sem við á sameinast um veitur s.s. framleiðslu raforku, neysluvatn og fráveitu. Ýtarlegri skilmálar og útfærsla skulu gerð í deiliskipulagi.

3.2.2 Vatnsból og vatnsverndarsvæði

Ekkert vatnsból er við Tjaldafell heldur er neysluvatn flutt úr byggð. Regnvatni af þökum er safnað í tank innan hvernar lóðar. Lítið er um uppsprettur eða þekkt neysluvatnssvæði umhverfis Tjaldafell og þar er djúpt niður á grunnvatn.

Heimilt er að leita að og bora sameiginlega eftir neysluvatni verði það talinn fýsilegur kostur. Skoða þarf hvort og þá hvar sé mögulegt að bora, meðan sú könnun hefur ekki farið fram er ekki unnt að staðsetja vatnsból. Staðsetning vatnsbóls skal gerð í samráði við sveitarfélag og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og skal frágangur vatnsbóls vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Verði ákveðið að bora eftir vatni og fáið nothæft magn, verður gerð grein fyrir vatnsbóli ásamt grann- og fjarsvæði í aðalskipulagi.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skoðuð eru áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu hér fyrir neðan.

TAFLA 4. Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land, landslag, ásjúnd	Landsskipulagsstefna. - Sérkennum miðhálandisins og sérstæðri náttúru þess verði viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálandisins og landslagsheilda. Aðalskipulag. - Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. - Gæta skal að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Svæðisskipulag. - Öll uppbygging og allar framkvæmdir skulu taka mið af náttúrunni á hverjum stað; náttúruvá, lífríki, jarðmyndunum, minjum og landslagi. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Einkum 3. og 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásjúnd svæða? Hefur stefnan áhrif á víðerni? Hefur stefnan áhrif á jarðminjar sem njóta verndar?
Gróður og dýralíf	Landsskipulagsstefna. - Áhersla á að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. Svæðisskipulag. - Á öllu landi sem raskast skal endurheimta gróður, eins og hægt er. Staðargróður eða svarðlag verði varðveitt og nýtt til uppgræðslu við frágang svæða. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, einkum 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Vatn	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar.	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns eða vistkerfi vatns?

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurningar
Loft	Landsskipulagsstefna. Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis.
Vernd	Landsskipulagsstefna. - Gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar. Friðlýst svæði, svæði á náttúruinjakrá, lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Aðalskipulag. - Uppbygging tryggi viðhald náttúrulegs yfirbragðs svæða. - Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði eða náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar?
Samfélag	Svæðisskipulag. - Við alla uppbyggingu ferðaþjónustu skal hugað að þörfum og væntingum íbúa og gesta. Með uppbyggingu fjölbreyttra ferðaleiða með skipulögðum þjónustustöðum og áningarstöðum er unnið að skýru og tryggu aðgengi að náttúru og menningu svæðisins. Við uppbyggingu ferðaleiða og þjónustustaða skal tekið tillit til sérstöðu hálendisins sem áfangastaðar í óbyggðum. - Allir þjónustustaðir skulu hafa viðeigandi innviði m.v. flokkun þeirra og staðsetningu. Aðalskipulag. - Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta kröfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.	Hefur stefnan áhrif á aðstöðu og þjónustu við ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
Heilbrigði	Landsskipulagsstefna. - Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis. Aðalskipulag. - Allir skálar á hálendi skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti og uppfyllir kröfur reglugerðar nr. 798/1999.	Er hætt á mengun vegna stefnu skipulagsins?

4.1 Valkostir

Sveitarfélagið vill halda áfram uppbyggingu á núverandi skálasvæði við Tjaldafell, fjölga lóðum lítilla og setja skilmála um mannvirki, framkvæmdir og fjölda gesta. Svæðið við Tjaldafell hefur verið skoðað m.t.t. þess hvar er heppilegt byggingarland út frá ofanflóðum, yfirborði lands og hvar yfirborðsvatn safnast fyrir. Svæðið umhverfis núverandi skála er ekki hentugt fyrir fleiri lóðir, m.a. vegna þess að þar safnast yfirborðsvatn fyrir. Því er valin sú leið að vera með nýjar lóðir fyrir skála austan Tjaldafells þar sem land stendur aðeins hærra.

Við Tjaldafell eru 8 lóðir byggðar. Hluti húsa eru stærri en deiliskipulag gerir ráð fyrir og fjöldi gesta er í einhverjum tilfellum meiri en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir. Auk þess eru heimildir í aðalskipulagi þrengri heldur en í deiliskipulagi. Að hluta til snýst aðalskipulagsbreytingin um að laga þetta misræmi.



MYND 5. Svæði fyrir nýja skála er austan Tjaldafells.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir.

Núll kostur - stefna í gildandi aðalskipulagi. Þ.e. heimild er fyrir allt að 10 skálum á 1-2 hæðum. Stærð allt að 50 m². Gisting fyrir 5-10 manns í hverju húsi. Heildar byggingarmagn er 500 m².

Valkostur A – valinn kostur. Heimilt er að vera með allt að 13 lóðir. Innan hvernar lóðar má byggja aðalhús og geymslu/gestahús. Mænishæð húsa má vera allt að 6,0 m. og nýtingarhlutfall lóða allt að 0,03. Heimilt er að vera með starfsemi allt árið. Stærð lóða á bilinu 5000-7500 m². Gisting fyrir allt að 15 gesti á hverri lóð. Stærð lóða á bilinu 7000-10.000 m². Gisting fyrir allt að 50 gesti á lóð. Heildarfjöldi gesta í gistingu allt að 265. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal vandað byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Leitast skal við að gæta samræmis í útliti og litavali allra bygginga á svæðinu. Forðast skal að raska landi við mannvirkjagerð og að loknum framkvæmdum skal aðlaga svæði að aðliggjandi landi. Heimilt er að bora eftir neysluvatni og skal vatnsveita vera sameiginleg.

Valkostur B – stefna í deiliskipulagi. Uppbygging skv. gildandi deiliskipulagi. Heimilt er að vera með 10 lóðir, 9 lóðir eru ætlaðar fyrir skála og ein lóð fyrir hesthús eða snjósleðageymslu. Heimilt er að byggja allt að 100 m² skála á hverri lóð ásamt allt að 15 m² geymslu, svefnhúsi eða gróðurhúsi. Heildar byggingarmagn er 1150 m². Engir skilmálar um fjölda gesta.

4.2 Umhverfisáhrif

Núll kostur

Áhrif á land, landslag og ásjúnd eru óveruleg. Skálar eru flestir byggðir og eru nokkuð látlausir í landinu þó vissulega séu mannvirki alltaf sýnileg. Skammt frá skálum eru tvær háspennulínur og línuvegur svo áhrif skála á víðerni eru óveruleg. Jarðmyndanir verða ekki fyrir raski umfram það sem er af núverandi mannvirkjum.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Takmarkaður gróður er á svæðinu og hafa núverandi mannvirki ekki raskað honum svo neinu nemi. Dýralíf telst fábreytt og áhrif á það eru metin óveruleg.

Áhrif á vatn eru óveruleg enda er reiknað með að gengið hafi verið frá fráveitu á fullnægjandi hátt.

Áhrif á loft eru óveruleg. Svæðið er að hluta til byggt. Meiri uppbygging hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda vegna framkvæmda og meiri umferðar. Umsvif uppbyggingar eru ekki talin líkleg til að hafa teljandi áhrif á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á landsvísu. Rafvæðing í samgöngum og umhverfisvænni byggingarefni geta dregið úr losun.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Skálasvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá og friðlýsts vatnasviðs Þingvallavatns, auk hverfisverndar. Flestir skálar hafa verið byggðir og því eru áhrifin metin óveruleg.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Stefnan styður við stefnu svæðisskipulags um uppbyggingu þjónustustaðar við eina af ferðaleiðunum um hálendið. Einnig er stutt við stefnu aðalskipulags um aðbúnað og þjónustu við gesti og möguleika á atvinnustarfsemi.

Áhrif á heilbrigði eru óveruleg. Ekki er talin hættu á mengun vegna skálanna þar sem rotþrær eru við þá alla og reiknað með að gengið hafi verið frá þeim á fullnægjandi hátt.

Valkostur A – valinn kostur

Áhrif á land, landslag og ásjúnd eru neikvæð/óveruleg. Stærra land fer undir mannvirki, heimiluð er meiri uppbygging og þar með verða mannvirki sýnilegri. Engin áhrif á víðerni þar sem svæðið er skammt frá tveimur háspennulínum og línuvegi. Jarðminjar verða fyrir raski af nýjum mannvirkjum.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum eru settir skilmálar um að mannvirki skuli vera látlaus, gæta skuli samræmis í útliti og litavali bygginga, forðast að raska landi við mannvirkjagerð og að loknum framkvæmdum skuli aðlaga land að því sem er umhverfis mannvirkin.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Takmarkaður gróður er á svæðinu og er ekki reiknað með að ný mannvirki raski honum svo neinu nemi. Dýralíf telst fábreytt og áhrif á það eru metin óveruleg.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Sett er stefna um að rotær skuli vera við hvert hús og útfærsla þeirra og frágangur í samræmi við reglugerðir þar að lútandi. Einnig stefna um að sé verið með olíur á staðnum skuli vera með lekahelt undirlag svo ekki berist mengun í jarðveg eða grunnvatn.

Áhrif á loft eru óveruleg. Uppbygging og meiri umferð kemur til með að valda losun gróðurhúsalofttegunda. Umsvif uppbyggingar eru ekki talin líkleg til að hafa teljandi áhrif á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á landsvísi. Rafvæðing í samgöngum og umhverfisvænni byggingarefni geta dregið úr losun.

Áhrif á vernd eru neikvæð. Skálasvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá, friðlýsts vatnasviðs Þingvallavatns og undir hverfisvernd. Yfir helmingur skála hafa verið byggðir en þó er verið að heimila að fjölga lóðum um þrjár og heimilað meira byggingarmagn á hverri lóð.

Með stefnu í breyttu aðalskipulagi er leitast við að minnka neikvæð áhrif og tryggja náttúrulegt yfirbragð svæða með stefnu um látlaus mannvirki og samræmi í útliti og litavali bygginga. Eins að forðast skal að raska landi og aðlaga að landi umhverfis að framkvæmdum loknum. Stefna gildandi aðalskipulags er að halda byggingarframkvæmdum á verndarsvæðum í lágmarki. Þó um sé að ræða verndarsvæði þá eru aðeins 260 m frá syðsta skálanum að Sultartangalínunum 1 og 3. Svæðið umhverfis háspennulínurnar er mannvirkjasvæði í svæðisskipulagi. Auk línulagnar er svæðið nú þegar byggt sem skálasvæði og mun því ekki skerða víðerni, umfram það sem nú þegar er orðið.

Áhrif á samfélag eru jákvæð/óviss. Stefnan styður við stefnu svæðisskipulags um uppbyggingu þjónustustaðar við eina af ferðaleiðunum um hálendið. Samhliða er verið að efla möguleika til útiveru og ferðamennsku á hálendinu og í nágrenni jökla. Einnig er stutt við stefnu aðalskipulags um aðbúnað og þjónustu við gesti og möguleika á atvinnustarfsemi. Óvíst er hvort meiri fleiri skálar hafi áhrif á umferð. Nokkur umferð er nú þegar um Skjaldbreiðarveg, einkum tengd útivist. Og á góðviðrisdögum að vetri til er alla jafnan mikil umferð af jeppum og snjósleðum. Margir hverjir í dagsferðum, enda stutt að skreppa úr byggð.

Áhrif á heilbrigði eru óveruleg. Sett er stefna um að rotær skuli vera við hvert hús og útfærsla þeirra og frágangur í samræmi við reglugerðir þar að lútandi. Auk þess eru settir skilmálar um að vera skuli með lekahelt undirlag ef verið er með olíu á staðnum.

Valkostur B

Áhrif á land, landslag og ásýnd eru óveruleg. Skálar eru flestir byggðir og eru nokkuð látlausir í landinu þó vissulega séu mannvirki alltaf sýnileg. Skammt frá skálum eru tvær háspennulínur og línuvegur svo áhrif skála á víðerni eru óveruleg. Jarðmyndanir verða fyrir óverulegu raski umfram það sem er af núverandi mannvirkjum.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Takmarkaður gróður er á svæðinu og hafa núverandi mannvirki ekki raskað honum svo neinu nemi. Dýralíf telst fábreytt og áhrif á það eru metin óveruleg.

Áhrif á vatn eru óveruleg enda er rotþró við hvert hús og reiknað með að gengið hafi verið frá fráveitu á fullnægjandi hátt.

Áhrif á loft eru óveruleg. Svæðið er að mestu leyti byggt svo losun gróðurhúsalofttegunda er einkum vegna aksturs að og frá svæðinu. Rafvæðing í samgöngum og umhverfisvænni byggingarefni geta dregið úr losun.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Skálasvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá og friðlýsts vatnasviðs Þingvallavatns, auk hverfisverndar. Flestir skálar hafa verið byggðir og því eru áhrifin metin óveruleg.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Stefnan styður við stefnu svæðisskipulags um uppbyggingu þjónustu- staðar við eina af ferðaleiðunum um hálendið. Einnig er stutt við stefnu aðalskipulags um aðbúnað og þjónustu við gesti.

Áhrif á heilbrigði eru óveruleg. Ekki er talin hættu á mengun vegna skálanna þar sem rotþrær eru við þá alla og reiknað með að gengið hafi verið frá þeim á fullnægjandi hátt.

4.3 Niðurstaða

Sveitarfélagið metur að með uppbyggingu gistipjónustu á hálendinu sé verið að beina ferðamönnum á tiltekna staði, með því sé stuðlað að vernd annarra svæða. Þá er svæðið nú þegar skipulagt til uppbyggingar og því æskilegt að ramma þá uppbyggingu sem best inn, samhliða því að bjóða upp á möguleika fyrir nýja aðila sem sækjast eftir því að byggja upp á svæðinu. Meiri þjónusta og þar með viðvera á svæðinu eykur öryggi þeirra ferðamanna sem leggja leið sína um svæðið. Talið er að skálasvæðið verði áfram einkum nýtt af þeim sem stunda einhvers konar útivist árið um kring.

Skálasvæðið er á Sköflungshálshrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem nú þegar eru mannvirki til staðar og meiri uppbygging heimil skv. skipulagi, þá metur sveitarfélagið heppilegra að halda áfram uppbyggingu þar fremur en að heimila byggingar á nýjum stað. Til að minnka áhrif eru settir skilmálar um samræmt yfirbragð mannvirkja og að forðast skuli rask á landi við framkvæmdir.

Frárennsli er veitt í rotþrær og settir skilmálar um að þær skuli vera í samræmi við reglugerðir þar að lútandi. Horfa skal til þess að svæðið er á friðlýstu vatnsverndarsvæði Þingvallavatns og því skal forðast alla mengun á svæðinu og þar sem verið er með mengandi efni í einhverju mæli s.s. olíu, skal tryggja sem best að olía berist ekki niður í jarðveg eða grunnvatn.

Svæðið er nú þegar byggt að stórum hluta og ekki er verið að heimila aukna uppbyggingu nema til sambærilegrar þjónustu og nú þegar er á svæðinu, þ.e. til viðveru og gistingar. Auk þess er æskilegt að auka lóðaframboð á svæðinu, til að nýir aðilar eigi einnig möguleika á aðstöðu. Sveitarfélagið er hlynnt því að velja valkost A til uppbyggingar og telur áhrif vegna uppbyggingar og viðveru gesta vera jákvæð/óveruleg á umhverfispætti.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Aðalskipulagsbreytingin verður send til eftirfarandi umsagnaraðila:


- Forsætisráðuneytið
- Umhverfis- og Orkustofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Landsnet
- Brunavarnir Árnassýslu
- Veðurstofa Íslands
- Svæðisskipulag Suðurlandis – samstarfsnefnd sveitarfélaganna
- Bláskógabyggð

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur haft samráð við Forsætisráðuneytið þar sem Tjaldafell er innan þjóðlendu. Auk þess sem haldinn var fundur með núverandi lóðarhöfum og eigendum skála við Tjaldafell í nóvember 2025.


Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreyting verði kynnt í byrjun árs 2026, auglýst næsta vor og taki gildi næsta sumar.

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Afréttaruppráttur - skálasvæði við Tjaldafell AF51



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR

Skýringar

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Óbyggð svæði
- Hverfisvernd
- Varúðarsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Rafveita, loftlína
- Aðrir vegir og götur
- Sveitarfélagamörk
- Svæði breytingar

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann _____

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi ásamt greinargerð.



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
Afréttaruppráttur - Breyting
Skálasvæði við Tjaldafell AF51

Verk:	Bláðstærð:	Unnið:	Rýnt:
113702	A4	IS	GAL

Mælikvarði:	Dags:	Breytt dags:
1:100.000	09.01.2025	

